

Ársreikningur

Rauði krossinn á Íslandi

Landsskrifstofa án deilda og Sjúkrabílasjóðs

2024



Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar á ársreikninginn	2 - 3
Áritun óháðs endurskoðanda	4 - 5
Rekstrarreikningur ársins 2024	6
Efnahagsreikningur 31. desember 2024	7 - 8
Sjóðstreymi ársins 2024	9
Skýringar	10 - 14
Sundurliðanir	15 - 19

Stjórn Rauða krossins á Íslandi:

Silja Bára R. Ómarsdóttir, formaður
Sigríður Stefánsdóttir, varaformaður
Arnbjörg Sveinsdóttir
Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir
Ingibjörg Ásta Bjarnadóttir
Ívar Kristinsson
Jón Ásgeirsson

Magnea Gná Jóhannsdóttir
Óttarr Ólafur Proppé
Símon Friðrik Símonarson
Valgerður Bláklukka Fjölnisdóttir
Árni Jóhannsson
Unnsteinn Ingason

Framkvæmdastjóri:

Gísli Rafn Ólafsson

Kjörinn endurskoðandi:

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Theodór S. Sigurbergsson
lögiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi landsskrifstofu Rauða krossins á Íslandi er mannúðar- og hjálparstarf.

Ársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi var rekstrarafgangur landsskrifstofunnar um 270,8 millj.kr. á árinu. Eigið fé hennar í lok árs var jákvætt um 2.188 millj.kr. en í byrjun árs nam það samtals 1.917 millj.kr. Upplýsingar um laun má sjá í skýringu 17-18.

Stjórn Rauða krossins á Íslandi leggur til að rekstrarhagnaði ársins verði ráðstafað á eigið fé. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu landsskrifstofunnar og rekstur hennar á liðnu ári.

Tekjur af söfnunarkössum lækkuðu um 8% á milli ára. Síversnandi samkeppnisstaða Íslandsspila er mikið áhyggjuefni. Árstekjur Íslandsspila voru 1.400 milljónum lægri á árinu 2024 en þær voru að núvirði tíu árum fyrr. Framlög til Rauða krossins á Íslandi hafa af þessum sökum dregist verulega saman sem hefur haft skaðleg áhrif á viðbragðsgetu félagsins um árabíl. Skýringin er annars vegar ójöfn samkeppni vegna rýmri lagaheimilda Hapdrættis Háskólans til reksturs spilakassa og hins vegar ólögleg starfsemi sem birtist í óheftum og eftirlitslausum aðgangi landsmanna að peningaspilum á netsíðum sem reknar eru af erlendum aðilum.

Árið einkenndist af áframhaldandi viðbrögðum vegna afleiðinga eldgosa í nágrenni Grindavíkur. Styrkur að fjárhæð um 210 milljónir barst frá Hamfarasjóði Rio Tinto, sem er hæsti styrkur sem fyrirtæki hefur veitt félaginu til verkefna innanlands. Styrknum er ætlað að styðja samfélagið í Grindavík og auka viðnámsþrótt vegna eldgosa og jarðhræringa á Suðurnesjum.

Félagið gerði samning við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið í kjölfar útboðs um þjónustu við flóttafólk. Sala og skipulagning skyndihjálparnámskeiða færðist til landsskrifstofu frá höfuðborgarsvæðisdeild. Þjónusta við umsækjendur um vernd færðist til deildarinnar og þar með er öll þjónusta við farendur hjá deildum, sem er í takt við stefnu félagsins.

Undirbúningur endurbóta á húsnæði félagsins í Efstaleiti hófst á árinu. Húsið var tekið í notkun fyrir aldarfjórðungi og endurnýjun á innra byrði því tímabær, auk þess sem laga þarf skipulag betur að verkefnaíðunni starfi. Fasteignafélagið Kaldalón styrkti félagið með aðgangi að skrifstofuhúsnæði við Víkurharf á meðan framkvæmdum stendur.

Fjármagnstekjur ársins voru verulegar, eða tæpar 222 milljónir, sem skýrist af hækkun verðbréfacignar varasjóðs og háum vöxtum á innlánunum.

Nýr framkvæmdastjóri, Gísli Rafn Ólafsson, hóf störf í febrúar 2025 í kjölfar þess að Kristín S. Hjálmtýsdóttir, sem gengt hafði stöðu framkvæmdastjóra frá upphafi árs 2016, lauk störfum í nóvember 2024.

Rauði krossinn á Íslandi varð 100 ára á árinu. Haldið var upp á afmælið með ýmsum hætti, meðal annars með útgáfu bókar um sögu félagsins. Hápunkturinn var hátíðardagskrá í Hörpu á afmælisdaginn 10. desember þar sem forseti, forsætisráðherra og framkvæmdastjóri Evrópuskrifstofu IFRC tóku til máls. Um kvöldið var hátíðarmálsverður þar sem forseti, dómismálaráðherra, erlendir gestir og stjórn félagsins tóku þátt ásamt gestum úr hópi sjálfboðaliða, samstarfsaðila, starfsmanna og embættismanna.

Skýrsla stjórnar, framhald

Stjórn Rauða krossins á Íslandi og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning landsskrifstofunnar fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. maí 2025

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar landsskrifstofu Rauða krossins á Íslandi

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Rauða krossins á Íslandi fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag hennar 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með ársreikningi sem og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar teljast til að mynda skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan). Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun sé framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitungu við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

Áritun óháðs endurskoðanda - frh.

Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalfals, misvisandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.

Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna, vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan félagsins, til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á áliti okkar á félaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 15 þar sem fram koma upplýsingar um eignir utan efnahagsreiknings. Eignarhlutur 68,76% í sameignarfélaginu Íslandsspilum sf. er ekki færður til eignar í efnahag landsskrifstofunnar.

Theodór S. Sigurbergsson

löggiltur endurskoðandi

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 7. maí 2025

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Tekjur af söfnunarkössum		353.660	384.443
Tekjur af sölustarfsemi	20	37.923	14.758
Samningsbundin verkefni við stjórnvöld	21	1.094.166	1.049.347
Frjáls framlög	22	801.018	647.310
Tekjur af fasteignum	23	1.378	1.229
		<u>2.288.145</u>	<u>2.097.087</u>
Hlutdeild deilda í tekjum af söfnunarkössum		(3.270)	(22.336)
Framlög til deilda úr verkefnasjóði		<u>(7.078)</u>	<u>(36.362)</u>
		<u>(10.348)</u>	<u>(58.698)</u>
Fjármunatekjur að frádrögnum fjármagnsgjöldum		221.814	168.986
		<u>221.814</u>	<u>168.986</u>
Tekjuafgangur til verkefna		2.499.611	2.207.374
Gjöld og framlög til verkefna			
Innlent hjálparstarf	24	852.945	691.851
Félagsverkefni	25	54.985	44.643
Alþjóðleg verkefni	26	650.876	672.866
Sjúkraflutningar	16	316.000	290.420
Fjáröflun, samskipti og kynning	27	170.926	158.275
Sameiginlegur kostnaður	28	183.100	153.626
		<u>2.228.833</u>	<u>2.011.682</u>
Tekjur umfram gjöld		<u>270.778</u>	<u>195.692</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2024	2023
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	5, 9		
Fasteignir, lóðir og fasteignaréttindi		78.400	88.244
Bifreiðar		12.101	5.464
Áhöld, tæki og búnaður		249	249
		<u>90.750</u>	<u>93.957</u>
Langtímakröfur:	10, 11		
Bundnar bankainnstæður varasjóðs		358.213	338.953
		<u>358.213</u>	<u>338.953</u>
		<u>448.963</u>	<u>432.910</u>
Fastafjármunir			
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur:			
Kröfur á RK-deildir		33.317	41.876
Krafa á Fatasöfnun		37.681	35.942
Aðrar skammtímakröfur	6	117.032	85.345
Útistandandi tekjur af söfnunarkössum		34.706	32.204
Veltufjármunir varasjóðs:			
Innstæður og verðbréf varasjóðs	10, 11	834.787	854.047
Handbært fé:	7		
Sjóður og bankainnstæður		1.670.198	1.385.773
Skammtímaverðbréf		778.167	592.512
		<u>3.505.888</u>	<u>3.027.699</u>
		<u>3.954.852</u>	<u>3.460.609</u>
		<u>3.954.852</u>	<u>3.460.609</u>

31. desember 2024

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2024	2023
Eigið fé	13		
Bundið eigið fé:			
Varasjóður		1.193.000	1.193.000
Eigið fé bundið í varanl. rekstrarfjárm.		90.750	93.957
Skilyrt framlög		257.994	137.107
Óbundið eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		646.340	493.243
Eigið fé		<u>2.188.085</u>	<u>1.917.307</u>
Skuldbindingar			
Eftirlaunaskuldbinding	8	120.135	122.104
Skuldbindingar		<u>120.135</u>	<u>122.104</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við RK-deildir		6.680	7.833
Skuld við Sjúkrabílasjóð		936.397	634.319
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		183.197	277.669
Óráðstafaðar tekjur til verkefna	30	520.357	501.378
Skammtímaskuldir		<u>1.646.632</u>	<u>1.421.198</u>
Skuldir alls		<u>1.766.767</u>	<u>1.543.302</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u>3.954.852</u>	<u>3.460.609</u>

Sjóðstreymi ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Frá rekstri:			
Tekjur umfram gjöld af reglulegri starfsemi		270.778	195.692
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5, 9	25.880	5.789
Hækkun eftirlaunaskuldbindingar		14.520	26.689
		<u>311.178</u>	<u>228.170</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun)		(27.369)	55.680
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)		225.433	219.049
		<u>198.064</u>	<u>274.729</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>509.242</u>	<u>502.899</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfest í varanlegum rekstrarfjárumunum		(22.673)	0
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(22.673)</u>	<u>0</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir eftirlaunaskuldbindinga		(16.488)	(17.780)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(16.488)</u>	<u>(17.780)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		470.080	485.119
Handbært fé í ársbyrjun		1.978.285	1.493.166
Handbært fé í árslok		<u>2.448.365</u>	<u>1.978.285</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Aðalstarfsemi landsskrifstofu Rauða krossins á Íslandi er mannúðar- og hjálparstarf.

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í þúsundum íslenskra króna.

Erlendir gjaldmiðlar

2. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok ársins. Verðbætur og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

Innlausn tekna

3. Tekjur eru færðar í ársreikninginn þegar kröfuréttur myndast.

Frjáls framlög og styrkir eru færð til tekna við greiðslu.

Lotun gjalda

4. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Varanlegir rekstrarfjármunir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til að niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir, lóðir og fasteignaréttindi	50 ár
Bifreiðar	5 ár
Áhöld, tæki og búnaður	5 ár

Aðrar skammtímakröfur

6. Aðrar skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Óbein niðurfærsla annarra skammtímakrafna nam 400 þús.kr. í lok ársins.

Handbært fé

7. Sjóður, bankainnstæður og skammtímaverðbréf teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Eftirlaunaskuldbinding

8. Skuldbinding vegna eftirlauna nokkurra fyrrum starfsmanna landsskrifstofunnar er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 14.

Varanlegir rekstrarfjármunir

9. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundradshluti, greinast þannig:

	Fasteignir, lóðir og fasteignaréttindi	Bifreiðar	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Heildarverð 1.1. 2024	229.296	7.190	2.486	238.972
Afskrifað áður	(141.053)	(1.725)	(2.237)	(145.015)
	<u>88.243</u>	<u>5.465</u>	<u>249</u>	<u>93.957</u>
Viðbót á árinu	14.368	8.305	0	22.673
Afskrifað á árinu	(24.212)	(1.668)	0	(25.880)
Heildareign 31.12. 2024	<u>78.399</u>	<u>12.102</u>	<u>249</u>	<u>90.750</u>
Afskriftarhlutföll	2%	20%	20%	

Mat á fasteignum skiptist þannig:

	Fasteignamat 31.12. 2024	Brunabótamat 31.12. 2024	Bókfært verð 31.12. 2024
Efstaleiti 9	355.150	513.850	67.478
Rauðarárstígur 33, 6 íbúðir, 50%	197.975	119.280	8.288
Grímseyri 9, 40%	9.284	34.320	2.633
	<u>562.409</u>	<u>667.450</u>	<u>78.399</u>

Innstæður og verðbréf varasjóðs:

10. Eignir varasjóðs eru færðar þannig í ársreikningi landsskrifstofunnar:

	Árið 2024	Árið 2023
Bundnar bankainnstæður til langs tíma	358.213	338.953
Óbundnar bankainnstæður og verðbréf	834.787	854.047
	<u>1.193.000</u>	<u>1.193.000</u>

11. Yfirlit yfir verðbréfaeign og innstæður varasjóðs:

	Árið 2024	Árið 2023
Innlendir skuldabréfasjóðir	511.941	611.624
Erlendir hlutabréfasjóðir	204.328	176.664
Innlend hlutabréf	934	787
Íbúðabréf	0	11.214
Bankabréf og skuldabréf fyrirtækja	117.583	53.758
Bankainnstæður	358.213	338.953
	<u>1.193.000</u>	<u>1.193.000</u>

Eignir og skuldir bundnar gengisáhættu

12. Heildarfjárhæð eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum eru þessar:

	2024	2023
Eignir:		
Bankainnstæður.....	355.838	161.828
Verðbréf varasjóðs.....	204.422	176.755
Aðrar skammtímaskuldir.....	71	71
	<u>560.331</u>	<u>338.654</u>
Skuldir:		
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	30.591	102.450
	<u>30.591</u>	<u>102.450</u>

Eigið fé

13. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Varasjóður	Bundið í varanlegum rekstrarfjárm.	Skilyrt framlög	Óráðstafað eigið fé	Sam tals
Flutt frá fyrra ári	1.193.000	93.957	137.107	493.243	1.917.307
Verkefnasjóður; hækkun (lækkun)			120.887	(120.887)	0
Annað bundið eigið fé; (lækkun)		(3.207)		3.207	0
Tekjur um fram gjöld ársins				270.778	270.778
Eigið fé samtals 31.12. 2024	<u>1.193.000</u>	<u>90.750</u>	<u>257.994</u>	<u>646.340</u>	<u>2.188.085</u>

Eftirlaunaskuldbinding

14. Á landsskrifstofunni hvílir eftirlaunaskuldbinding vegna eftirlaunaréttinda nokkurra fyrrum starfsmanna landsskrifstofunnar. Reiknuð hækkun eftirlaunaréttinda á árinu, sem byggð er á útreikningi tryggingastærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á eftirlaunaskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir á árinu er færður til lækkunar á skuldbindingunni. Breytingin á árinu greinist þannig:

	2024	2023
Eftirlaunaskuldbinding í ársbyrjun	122.103	113.194
Breyting áunninna réttinda á árinu	14.520	26.689
Greitt á árinu	<u>(16.488)</u>	<u>(17.780)</u>
Eftirlaunaskuldbinding í árslok	<u>120.135</u>	<u>122.103</u>

Önnur mál

Eignir utan efnahagsreiknings

15. Rauði krossinn á Íslandi á 68,75% eignarhlut í sameignarfélaginu Íslandsspilum sf. Meðeigandi er Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Íslandsspil er samstarfsverkefni sem hefur þann tilgang að afla fjár fyrir starfsemi félaganna með ábyrgum rekstri á söfnunarkössum. Hagnaði af rekstri Íslandsspila er að mestu ráðstafað árlega til eigenda og er ráðstöfun ársins færð í rekstrarreikning undir liðnum "Tekjur af söfnunarkössum".

Sjúkraflutningar

16. Heildarkostnaður landsskrifstofu við sjúkraflutninga nam 316 millj.kr. á árinu. Framlag ríkisins vegna verkefnisins nam 295 millj.kr. Framlag RKÍ samkvæmt samningi við ríkið nam 21,0 millj.kr. á árinu.

Laun og launatengd gjöld

17. Laun, launatengd gjöld og starfsmannatengdur kostnaður greinast þannig:

	2024	2023
Laun landsskrifstofu	441.443	437.639
Laun fjöldahjálparstöð og neyðarskýli	83.469	77.930
Laun sendifulltrúa	23.408	25.042
Laun farsóttarhúsa	0	2.162
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	<u>165.589</u>	<u>199.053</u>
	<u>713.909</u>	<u>741.825</u>

Laun stjórnenda námu 45,9 millj. kr. á árinu 2024 (2023: 44,2 millj. kr.)

18. Stöðugildi hjá landsskrifstofu voru eftirfarandi:

	2024	2023
Efstaleiti 9	41,8	45,0
Farsóttarhús og sóttvarnarhótel	0,0	0,1
Fjöldahjálparstöð og neyðarskýli	9,3	10
Sendifulltrúar	1,6	2,1
	<u>52,7</u>	<u>57,1</u>

Þóknun til endurskoðenda

19. Þóknun til ytri endurskoðenda landsskrifstofu á árinu 2024 nam 4,4 millj. kr. (2023: 4,2 millj. kr.)

Sundurliðanir ársins 2024

	2024	2023
20. Tekjur af sölustarfsemi		
Vörusala	6.256	1.645
Fæðissala	4.369	4.760
Námskeið	27.298	8.353
Tekjur af sölustarfsemi	37.923	14.758
21. Samningsbundin verkefni við stjórnvöld		
Sjúkraflutningar	295.000	271.420
Neyðarskýli	128.892	31.653
Umsækjendur um alþjóðlega vernd	114.343	111.752
Flóttafólk	109.876	126.342
Fjöldahjálparstöð	94.771	140.094
Miðjarðarhaf - neyðaraðstoð	66.798	64.040
Sierra Leone - þróunarsamvinna	60.669	43.256
Malaví - þróunar- og neyðaraðstoð	54.090	86.225
Súdan - neyðaraðstoð	32.285	7.880
Jarðhræringar á Suðurnesjum	25.325	0
Sómalía - þróunarsamvinna	23.399	24.517
Afganistan - neyðaraðstoð	20.964	0
Sýrland - neyðaraðstoð	18.868	30.686
Rammasamningur við UTN - ýmis verkefni	18.226	17.601
Afríka - Brúun hins stafræna bils	11.519	20.944
Marokk - jarðskjálftar og neyðaraðstoð	10.853	0
Líbanon - neyðaraðstoð	8.289	0
Sómalía - hungursneyð	0	38.467
Líbía - neyðaraðstoð	0	13.815
Tyrkland - neyðaraðstoð	0	8.999
Afríka - trjáræktaráttak IFRC	0	7.000
Almannavarnir - snjóflóð á Neskaupstað	0	4.656
Samningsbundin verkefni við stjórnvöld	1.094.166	1.049.347
22. Frjáls framlög		
Mannvínir	331.605	313.022
Úkraína - vopnuð átök	67.759	81.974
Fatasöfnun til alþjóðlegs hjálparstarfs	51.480	43.680

	2024	2023
Jarðhræringar Suðurnes - framlag frá IFRC	48.795	23.015
Fatasöfnun til innanlandsstarfs	48.754	36.267
Sálrænn stuðningur við flóttafólk - Evrópuverkefni	45.650	20.702
Jarðhræringar Suðurnes - styrkir	44.486	2.400
Styrkir frá ríkissjóði og ríkisstofnunum	28.362	14.078
Hjálparsíminn	22.977	22.326
Vaknaðu - styrktartónleikar	20.714	19.339
Önnur framlög og gjafir	17.052	10.338
Jólahefti	16.250	18.191
Viðnámsþróttur - Suðurnes, Rio Tinto	14.030	0
Sómalía - neyðaraðstoð	7.071	30.049
Umsækjendur um vernd	5.698	12.211
Afganistan - neyðaraðstoð	4.731	0
Félagsleg aðlögun flóttafólks - Evrópuverkefni	3.789	1.985
Jólaaðstoð	2.900	2.072
Marókkó - neyðaraðstoð	2.058	0
Malaví - aðgengi að vatni og hreinlæti	1.183	0
Tómstundasjóður	735	521
Miðjarðarhaf - neyðaraðstoð	730	6.368
Verkefnasjóður - óráðstafað	0	9.842
Tyrkland 2023 - jarðskjálfti - neyðaraðstoð	0	6.000
Líbía - flóð - neyðaraðstoð	0	1.858
Alþjóðlegt hjálparstarf - frestaðar tekjur	14.209	(28.929)
Frjáls framlög	801.018	647.310
23. Tekjur af fasteignum		
Leigutekjur	1.378	1.229
Tekjur af fasteignum	1.378	1.229

	2024	2023
24. Innlent hjálparstarf		
Laun og annar óskiptur kostnaður vegna innlends hjálparstarfs	25.604	36.718
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	7.350	6.260
Flóttafólk	135.310	157.348
Jarðhræingar Suðurnes	132.635	25.389
Neyðarskýli	128.912	31.653
Umsækjendur um alþjóðlega vernd	120.171	125.791
Fjöldahjálparstöð	94.771	140.093
Hjálparsími	62.743	57.633
Sálræn skyndihjálp	58.939	36.298
Almenn skyndihjálp	40.497	25.022
Félagsleg aðstoð innanlands	31.921	23.863
Neyðarvarnir	14.093	22.105
Farsóttarhús og sóttvarnarhótel	0	3.678
Innlent hjálparstarf	852.945	691.851
25. Félagsverkefni		
Laun og annar óskiptur kostnaður	17.043	15.858
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	2.860	2.110
Fundir, nefndir og stefnumótun	4.704	3.810
Annar stuðningur við deildir	30.377	22.865
Félagsverkefni	54.985	44.643
26. Alþjóðleg verkefni		
Alþjóðahjálparstarf:		
Neyðaraðstoð	303.635	371.156
Þróunarsamvinna	210.879	184.675
Sendifulltrúar	40.722	48.674
	555.236	604.504
Alþjóðasamstarf og önnur alþjóðleg verkefni:		
Laun og annar óskiptur kostnaður	72.212	48.938
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	12.220	9.000
Framlag til ICRC og IFRC	6.359	4.932
Námskeið, ráðstefnur og fundir	4.849	5.492
	95.641	68.362
Alþjóðleg verkefni	650.876	672.866
27. Fjáröflun, samskipti og kynning		
Laun og óskiptur kostnaður	24.236	31.912
Hlutdeild í rekstri húsnæðis og tölvukerfa	4.290	4.250
Fjáraflanir	95.701	103.814
Kynningar- og markaðsmál	46.700	18.299
Fjáröflun, samskipti og kynning	170.926	158.275

	2024	2023
Sameiginlegur kostnaður		
28. Laun og launatengd gjöld	99.428	93.315
Annað vegna starfsmanna	9.778	8.910
Hækkun eftirlaunaskuldbindingar	14.520	26.689
Rekstur fasteigna	48.374	12.315
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	25.900	22.407
Rekstur tölvubúnaðar	19.926	15.074
Mötuneyti og kaffikostnaður	11.095	10.548
Rekstur bifreiða	1.103	403
Hlutdeild deilda	(38.064)	(27.795)
Hlutdeild Sjúkrabílasjóðs	(8.960)	(8.240)
Sameiginlegur kostnaður	183.100	153.626
29. Framlög Verkefnasjóðs		
Tekjur af söfnunarkössum	102.828	92.997
Mannvinir hlutdeild í ágóða	25.138	22.185
	127.965	115.182
Ráðstöfun:		
Framlög til deilda	7.078	36.362
Fært á næsta ár	120.887	78.819
	127.965	115.182
30. Óráðstafaðar tekjur til verkefna		
Frestuð alþjóðleg verkefni:		
Neyðaraðstoð/mannúðarverkefni	127.132	141.340
Úkraína - vopnuð átök	21.910	89.116
Palestína - neyðaraðstoð	5.960	0
Tyrkland - neyðaraðstoð	5.756	5.756
Rammasamningur þróun UTN 2022-2024	0	21.138
Rammasamningur mannúð UTN 2022-2024	0	5.645
Afganistan ICRC	0	4.731
Sómalía - mobile health	0	3.071
Fræðslumyndband - styrkur frá UTN	0	2.272
Marokkó - neyðaraðstoð	0	2.058
Efling RKÍ í að bregðast við ofbeldi, mism. og útilokun	0	1.904
	160.757	277.032
Frestuð verkefni innanlands:		
Viðnámsþróttur á Suðurnesjum - Rio Tinto	198.490	0
Verkefnasjóður - óráðstafað	50.052	50.052
Jarðhræringar Suðurnes 2023	27.536	14.909
Málsvarastarf	19.957	13.457
Sálrænn stuðningur við flóttafólk - Evrópuverkefni	18.667	29.306
Erfðafjárverkefni	16.532	16.532
Þjónusta við flóttafólk 2024-2027	9.457	0
Fjölskyldusameiningar 2025	6.500	0

	2024	2023
Nyoxín (Naxalon) - fræðsla	4.750	2.910
Mansalsheiti RKÍ	2.930	2.930
Önnur verkefni	2.419	3.485
Íslenskukennsla	1.598	2.340
Félagsleg aðlögun flóttafólks - Evrópuverkefni	629	4.418
Tómstundasjóður	84	819
Vaknaðu - Styrktartónleikar	0	24.964
DREF - Volcanic and seismic activites IFRC	0	48.795
Umsækjendur um vernd	0	7.734
Björgun úr vatni - Þjálfun leiðbeinenda	0	1.695
	<u>359.600</u>	<u>224.346</u>
Óráðstafaðar tekjur til verkefna	<u>520.357</u>	<u>501.378</u>

	Verkefnasjóður		
	Af kassa- tekjum	samkvæmt umsóknum	Samtals
31. Kassatekjur deilda og framlög úr verkefnasjóði			
Rauði krossinn í Árnessýslu	2.517	7.078	9.595
Rauði krossinn í Múlasýslu	754	0	754
	<u>3.270</u>	<u>7.078</u>	<u>10.348</u>

Undirritunarsíða

Löggiltur endurskoðandi
Theodór Siemsen Sigurbergsson

Framkvæmdastjóri
Gísli Rafn Ólafsson

Stjórnarformaður
Silja Bára R. Ómarsdóttir

Stjórnarmaður
Sigríður Stefánsdóttir

Stjórnarmaður
Arnbjörg Sveinsdóttir

Stjórnarmaður
Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir

Stjórnarmaður
Ingibjörg Ásta Bjarnadóttir

Stjórnarmaður
Ívar Kristinsson

Stjórnarmaður
Jón Ásgeirsson

Stjórnarmaður
Magnea Gná Jóhannsdóttir

Undirritunarsíða

Stjórnarmaður
Óttarr Ólafur Proppé

Stjórnarmaður
Símon Friðrik Símonarson

Stjórnarmaður
Valgerður Bláklukka Fjölhisdóttir